
ÞINGMÁLASKRÁ

157. löggjafarþing 2025–2026

RÍKISSTJÓRN

SAMFYLKINGAR,
VIÐREISNAR OG
FLOKKS FÓLKSINS

SEPTEMBER 2025

Þingmálaskrá 157. löggjafarþings 2025–2026

Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, skal fylgja eftirriti stefnuræðu forsætisráðherra við upphaf þings yfirlit um þau mál sem ríkisstjórn hyggst leggja fram á þinginu ásamt áætlun um hvenær þeim verður útbýtt. Yfirlit fyrir 157. löggjafarþing fer hér á eftir. Fram kemur hvenær áætlunin er að leggja mál fram. Flutt kunna að verða fleiri mál en getið er og atvik geta hindrað flutning einstakra mála. Í samræmi við 2. mgr. 47. gr. laganna mun ríkisstjórnin jafnframt við upphaf vetrarþings, að loknu jólahléi, afhenda forseta Alþingis endurskoðaða áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa á vetrar- og vorþingi ásamt áætluðum útbýtingardegi.

Efnisyfirlit

FORSÆTISRÁÐHERRA.....	5
ATVINNUVEGARÁÐHERRA.....	6
DÓMSMÁLARÁÐHERRA.....	8
FÉLAGS- OG HÚSNÆÐISMÁLARÁÐHERRA.....	11
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA	13
HEILBRIGÐISRÁÐHERRA.....	17
INNVIÐARÁÐHERRA.....	19
MENNINGAR-, NÝSKÖPUNAR- OG HÁSKÓLARÁÐHERRA	21
MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA	24
UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA.....	25
UTANRÍKISRÁÐHERRA	28

FORSÆTISRÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993 (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins).**
Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við stjórnarsýslulög, nr. 37/1993, ákvæði þess efnis að þær sjálfstæðu stjórnarsýslunefndir sem fást við úrlausn stjórnarsýslukæra geti leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, eins og lög nr. 21/1994 mæla fyrir um að dómstólar geti gert. Lagt er til að ákvæðið verði hluti af VII. kafla stjórnarsýslulaga, sem inniheldur almennar reglur um stjórnarsýslukærur og málsmeðferð í kærumálum. *Endurflutt. September.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (kæru- og úrskurðarnefndir).**
Ráðgert er að forsætisráðuneytið setji á fót nefndahús í formi ólögbundinnar ráðuneytisstofnunar. Horft er til fyrirmynda í Danmörku og Noregi. Gera þarf breytingar á ýmsum sérlögum til að afnema hindranir fyrir því að starfsemi kæru- og úrskurðarnefnda verði samþætt og unnt verði að veita þeim sérfræði- og stoðþjónustu á einum stað. *Október.*
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990, og lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011 (rafrænar undirskriftir á vettvangi ríkisráðs, handhafar forsetavalds og aðstoðarmaður forseta).**
Í undirbúningi er að kveða á um rafrænar undirskriftir forseta Íslands og ráðherra á vettvangi ríkisráðs. Þá er til athugunar að gera ráð fyrir að rafrænar undirskriftir geti átt sér stað þegar viðkomandi er staddur erlendis. Við það myndi draga úr hlutverki og launagreiðslum til handhafa forsetavalds. Óháð því stendur til að lækka þær greiðslur út frá því sjónarmiði að líta megna á handhafaskyldurnar sem hluta af almennum embættisskyldum. Einnig verður í frumvarpinu gert ráð fyrir þeim möguleika að við forsetaembættið sé starfandi sérstakur aðstoðarmaður forseta, sem ráðinn verði án auglýsingar og láti af störfum eigi síðar en forseti. *Nóvember.*
- 4. Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2024.**
Árleg skýrsla. *Október.*
- 5. Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.**
Árleg skýrsla. *Maí.*
- 6. Skýrsla forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.**
Árleg skýrsla. *Maí.*

ATVINNUVEGARÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um faggildingu, nr. 24/2006 o.fl. (endurskoðun).**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar til að treysta grunn faggildingarstarfsemi og færa löggjöfina til samræmis við viðeigandi Evrópulöggjöf. **September.**
2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993 (riðuveiki o.fl.).**
Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar nauðsynlegar breytingar á lögunum til þess að ná fram þeim markmiðum sem fram koma í nýrri landsáætlun um riðuveikilaust Ísland auk nauðsynlegra breytinga sem gera þarf í tengslum við varnir gegn öðrum smitsjúkdómum. *Endurflutt.* **September.**
3. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi).**
Með frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að hugtakið heimagisting verði endurskilgreint og afmarkað við lögheimili einstaklings og eina aðra fasteign í eigu hans utan þéttbýlis. Í öðru lagi er lagt til að binda þegar útgefin rekstrarleyfi til starfsemi í íbúðarhúsnæði innan þéttbýlis til fimm ára í senn. Í þriðja lagi er lagt til að sýslumanni verði heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum frá ríkisskattstjóra í tengslum við eftirlit sýslumanns með einstaka málum vegna skráningarskyldrar heimagistingar. *Endurflutt.* **September.**
4. **Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (framleiðendafélög).**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á búvörulögum til að styrkja stöðu frumframleiðenda landbúnaðarvara. **Október.**
5. **Frumvarp til markaðssetningarlaga.**
Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög, markaðssetningarlög, í stað laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Markmiðið er að ný markaðssetningarlög tryggi virka samkeppni í viðskiptum og öfluga neytendavernd sem tekur m.a. mið af tækniþróun síðustu ár. **Október.**
6. **Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005 (veltumörk tilkynningarskyldra samruna, samrunagjald o.fl.).**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar er varða veltumörk tilkynningarskyldra samruna, sem og gjalddöku og málsmeðferðarreglur samrunamála. **Október.**
7. **Frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.**
Með frumvarpinu eru lögð til ný heildstæð lög um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu. **Október.**
8. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 (SRD II).**
Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 frá 17. maí 2017 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma (SRD II). *Innleiðing.* **Október.**
9. **Frumvarp til laga um náttúru- og innviðagjald.**
Með frumvarpinu er lagt til náttúru- og innviðagjald á ferðamannastaði í eigu íslenska ríkisins. **Nóvember.**
10. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna lax- og silungsveiði og fiskræktar (bætt lagaumgjörð).**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem hafa það að markmiði að styrkja lagaumgjörð um lax- og silungsveiði og fiskrækt í ám og vötnum. Frumvarpið tekur m.a. til breytinga á lögum um

lax- og silungsveiði, 61/2006, lögum um fiskrækt, nr. 58/2006, og lögum um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008. **Febrúar.**

11. Frumvarp til laga um lagareldi.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um lagareldi. **Febrúar.**

12. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði neytendamála (neytendasamningar, neytendakaup, stafræn þjónusta, markaðseftirlit o.fl.).

Frumvarpið felur í sér breytingu á ýmsum lögum á sviði neytendamála með aukna neytendavernd, upplýsingagjöf og réttarstöðu neytenda að leiðarljósi. Í grunninn er um að ræða innleiðingar á nokkrum tilskipunum ESB, almennt um nútímavæðingu á sviði neytendamála, sem kalla á breytingar á ýmsum lögum á sviði neytendamála, m.a. lögum um neytendakaup, nr. 48/2003, og lögum um neytendasamninga, nr. 16/2016. **Mars.**

13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.).

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á breytingum á ársreikningatilskipun ESB varðandi stærðarmörk félaga o.fl. Stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga eru þau sömu innan EES og er með frumvarpinu verið að hækka þau til samræmis við nýlegar breytingar innan ESB. *Innleiðing.* **Mars.**

14. Tillaga til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030.

Með tillögunni er lögð fram heildstæð stefna í neytendamálum til ársins 2030, ásamt aðgerðaáætlun með skilgreindum aðgerðum. *Endurflutt.* **September.**

DÓMSMÁLARÁÐHERRA

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afturköllun alþjóðlegrar verndar).

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að afturkalla alþjóðlega vernd útlendinga þegar viðkomandi hefur framið alvarlegt brot, ítrekað brot eða ógnar öryggi ríkisins. Þá er með frumvarpinu jafnframt felld brott regla 2. mgr. 74. gr. laganna þar sem heimiluð er veiting dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða hafi útlendingur ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórnsýslustigi innan lögbundinna tímamarka eftir að hann sótti um alþjóðlega vernd (18 mánaða regla). Með frumvarpinu er ætlunin að samræma löggjöf og framkvæmd afturköllunar alþjóðlegrar verndar við umgjörð annars staðar á Norðurlöndunum. *Endurflutt. September.*

2. Frumvarp til laga um sýslumann.

Með frumvarpinu er lagt til að sýslumannsembættin níu verði sameinuð í eitt, með það að meginmarkmiði að bæta þjónustu hins opinbera á öllu landinu. Markmiðinu verður náð með einfaldari stjórnsýslu og jöfnu aðgengi að opinberri þjónustu, óháð búsetu. *Endurflutt. September.*

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, o.fl. (upptaka fjárhagslegs ágóða af brotum o.fl.).

Um er að ræða breytingar á sviði sakamálaréttarfars að því er varðar rannsóknarheimildir lögreglu við öflun fjármálaupplýsinga og heimildir til haldlagningar og kyrrsetninga. Hins vegar á sviði refsilaga hvað varðar upptökuákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til úrlausnar er að breyta viðeigandi löggjöf vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist og varða upptöku fjárhagslegs ágóða af brotum o.fl. *Endurflutt. September.*

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 (rekstur líkhúsa).

Með frumvarpinu er lagt til að heimila kirkjugörðum að innheimta gjald fyrir hluta af starfsemi sinni. Til þess að bregðast við erfiðri stöðu kirkjugarðanna er nauðsynlegt að þeim verði heimilt að innheimta sérstakt gjald til að standa undir þessum rekstri. *Endurflutt. September.*

5. Frumvarp til laga um almannavarnir.

Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um almannavarnir sem koma í stað gildandi laga um almannavarnir, nr. 82/2008. Eitt meginmarkmið þess er að auka vægi fyrirbyggjandi aðgerða í þeim tilgangi að efla viðbúnað og áfallaþol í samfélaginu. Grunnur að góðu almannavarnakerfi er áfallaþolið samfélag þar sem öll svið samfélagsins eru í stakk búin til að takast á við fjölbreyttar áskoranir með samhæfðum hætti. Þá er markmið frumvarpsins að skyldur og ábyrgð allra sem vinna að almannavörnum, þ.m.t. ríkis, sveitarfélaga og viðbragðsaðila, verði gerðar skýrari hvort sem um er að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir, aðgerðir sem gripið er til á hættustundu eða við endurreisn. Í frumvarpinu er endurreisn einnig gefið aukið vægi með það að markmiði að endurspegla mikilvægi þess í heildarskipulagi almannavarna. **Október.**

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili, nr. 85/2011 (rafrænt eftirlit nálgunarbanns).

Markmið frumvarpsins er að styrkja réttarstöðu og öryggi brotaþola og þá sérstaklega þeirra sem mega þola heimilisofbeldi og umsáturseinelti. Lagt er til að lögfest verði heimild lögreglu til að ákvarða beitingu rafræns eftirlits með staðsetningarbúnaði (ökklabandi) samhliða ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili. Með rafrænu eftirliti er átt við að manni verði gert að bera staðsetningarbúnað til að nálgunarbann og/eða brottvísun sé virt. **Október.**

7. Frumvarp til laga um brottfararstöð.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að vista útlending á brottfararstöð í þeim tilvikum þegar tryggja þarf að útlendingur sé til staðar vegna ákvörðunar um að hann skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Með frumvarpinu er

verið að hverfa frá þeirri framkvæmd núgildandi laga að heimilt sé að handtaka útlendinga í þessari stöðu og færa í gæsluvarðhald. Þá eru einnig lagðar til breytingar á lögum um útlendinga og mælt fyrir um að tiltekinn hópur útlendinga sæti skimun á ytri landamærum, auk umsækjenda um alþjóðlega vernd sem gangast nú þegar undir ákveðnar ráðstafanir við komu til landsins. Með frumvarpinu er verið að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt Schengen-samningnum en Ísland er eina Schengen-ríkið þar sem engin brottfararstöð er til staðar. **Október.**

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa).

Með frumvarpinu er lagt til að útgáfa tímabundinna atvinnuleyfa til ríkisborgara þriðju ríkja færist frá Vinnumálastofnun til Útlendingastofnunar. Markmiðið er að atvinnu- og dvalarleyfi verði felld í einn og sama farvegin til einföldunar og hagsbóta fyrir umsækjendur og stjórnsýslu. Með þessari breytingu verður framkvæmd atvinnuleyfa hér á landi færð nær þeirri framkvæmd sem tíðkast á Norðurlöndunum. Jafnframt verði með breytingunni hægt að leggja grunn að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi atvinnu- og dvalarleyfa hér á landi. Með frumvarpinu verða einnig gerðar breytingar á fyrirkomulagi atvinnuþátttöku námsmanna á grundvelli laganna til að bæta bæði aðgengi námsmanna að vinnumarkaði en að sama skapi skerpa á skilyrðum þeirrar atvinnuþátttöku og stemma stigu við óeðlilegri ásókn sem núgildandi ákvæði laganna hafa skapað. Meðal annars verða gerðar ríkari kröfur við útgáfu dvalarleyfa til atvinnuleitar í kjölfar útskriftar. Þá verður gerð breyting á heimild til fjölskyldusameiningar fyrir aðstandendur námsmanna. Frumvarpið er liður í breytingum sem fyrirhugaðar eru, eins og endurskoðun á dvalarleyfiskafla laganna, hækkun umsóknargjalda dvalarleyfa og heildarendurskoðun reglugerðar um útlendinga. **Október.**

9. Frumvarp til laga um breytingu á erfðalögum, lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu (stafræn og rafræn málsmeðferð).

Með frumvarpinu er markmiðið að málsmeðferð verði skilvirkari. Lagt er til að lögfesta heimildir til að nýta stafrænar og rafrænar leiðir við meðferð mála á grundvelli erfðalaga, laga um skipti á dánarbúum, lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lög um nauðungarsölu. **Október.**

10. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir).

Með frumvarpinu er lagt til að kveða skýrar á um hvenær grípa megi til hvaða öryggisráðstafana ósakhæfra einstaklinga eða einstaklinga þar sem refsing er ekki talin geta borið árangur. Þá er kveðið á um á hverju slík ákvörðun skuli byggjast. Öryggisráðstafanir eru m.a. fólgnar í vistun einstaklings, til varnar því að hætta verði af. Þá er lögð til heimild til að vista einstaklinga áfram í fangelsi eftir afplánun refsidóms. Þá verði skilyrði að einstaklingurinn hafi gerst sekur um alvarleg afbrot og að taldar séu verulegar líkur á því í ljósi sakaferils og andlegs ástands viðkomandi við lok afplánunar, svo og af undanfarandi breytni viðkomandi, að hann muni drýgja alvarleg brot að lokinni afplánun og sé því hættulegur umhverfi sínu. **Nóvember.**

11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum um stjórnsýslu jafnréttismála (jafnlaunakerfi).

Markmiðið með frumvarpinu er að einfalda ferlið í kringum jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana, og draga úr kostnaði við framkvæmd þess. Horft verður til þeirra ábendinga sem fram hafa komið um framkvæmd þess og reynslu af kerfinu að teknu tilliti til markmiða jafnréttislaga um launajafnrétti milli kynjanna. Verður m.a. horft til tillagna starfshóps um hagræðingu í ríkisrekstri um að létt verði á jafnlaunavottun og stærðarmörk hækkuð. Með því munu færri aðilar falla undir þessa skyldu. **Nóvember.**

12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (verndarsamkomulag ESB).

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um útlendinga vegna innleiðingar á Schengen-skuldbindingum Íslands í tengslum við svokallað verndarsamkomulag Evrópusambandsins sem tekur gildi á sama tíma á öllu Schengen-svæðinu í júní 2026. Innleiða þarf hluta svo-

kallaðrar AMMR-reglugerðar (e. regulation on asylum and migration management) sem leysir Dyflinnarreglugerðina af hólmi. Þá þarf að uppfæra fingrafaragagnagrunn Eurodac og innleiða ákvæði svokallaðrar krísureglugerðar (e. regulation addressing situations of crisis and force majeure in the field of migration and asylum) sem veitir heimildir til að víkja frá ákvæðum AMMR-reglugerðarinnar í krísuástandi. Þá verður einnig metið hvort aðrar gerðir verði jafnframt felldar inn í lög um útlendinga svo innlent regluverk samræmist reglum nágrannaríkja. **Janúar.**

13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (bótafjárhæðir).

Með frumvarpinu er lögð til einföldun á meðferð bóta krafna vegna brota á IX.–XIV. kafla laga um meðferð sakamála. Settar verði reglur um viðmiðunarfjárhæðir bóta sem ríkislögmaður styðst við þegar slíkar bætur eru gerðar upp. Samhliða er felld brott skylda til að veita gjafsókn í slíkum bóta-málum. Með þessum breytingum er unnt að flýta uppgjöri bóta og fækka dómsmálum vegna ágrein-ings um bætur. Í frumvarpinu felst þannig hagræðing við meðferð málanna, bæði fyrir bóta-krefjendur og ríkið, auk þess sem gera má ráð fyrir lækkun útgjalda hjá ríkissjóði í þessum málum. **Janúar.**

14. Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (atkvæðavægi).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á kosningalögum til að auka jafnræði í atkvæðavægi og þingsættadreifingu. **Febrúar.**

15. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (tálmun lögreglu-rannsóknar).

Endurskoðun á ákvæði 112. gr. laganna, sem varðar tálmun náinna vandamanna á rannsókn saka-máls til að koma grunuðum manni undan refsingu. Horft verður til löggjafar á Norðurlöndunum að þessu leyti. **Febrúar.**

16. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (dvalarleyfi).

Með frumvarpinu eru lagðar til úrbætur á dvalarleyfiskafla laga um útlendinga til samræmingar við löggjöf á Norðurlöndum. **Febrúar.**

17. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026–2029.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum til fjögurra ára skal lögð fyrir Alþingi, sbr. 26. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Framkvæmda-áætlunin setur fram stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsir verkefnum sem ýmist er ætlað að varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis. Skýrsla ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2020–2024 fylgir með tillögunni, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. *Endurflutt. September.*

18. Tillaga til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2026–2030.

Tillagan felur í sér að unnið verði markvisst að forvörnum meðal barna og ungmenna gegn kyn-ferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2026–2030. Jafnframt verða aðgerðir sem lúta að forvörnum gegn líkamlegu ofbeldi meðal barna og ungmenna. Forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum, í íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi. Áætlunin er í samræmi við gildandi þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025 og skal byggð á eftirfylgni hennar. **Janúar.**

FÉLAGS- OG HÚSNÆÐISMÁLARÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (launavísitala).**
Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að örorku- og ellilífeyrir hækki árlega til samræmis við hækkun launavísitölu en þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. *Endurflutt. September.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (dýrahald).**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um fjöleignarhús sem varða dýrahald þannig að samþykki annarra eigenda fyrir hunda- og kattahaldi sé ekki nauðsynlegt. *Endurflutt. September.*
- 3. Frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.**
Frumvarpið felur í sér að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur í heild sinni. *Endurflutt. September.*
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (almenn skráningarskylda leigusamninga í leiguskrá).**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á húsaleigulögum þess efnis að skráningarskylda leigusamninga í leiguskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði almenn í stað þess að hún taki eingöngu til þeirra sem hafa atvinnu af útleigu íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum um tekjuskatt. Með því fást áreiðanlegri og heildstæðari upplýsingar um leigumarkaðinn og einstaka hluta hans, lengd leigusamninga, þróun húsaleigu, búsetu í óviðunandi húsnæði o.fl., sem nauðsynlegar eru til að undirbyggja frekari stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda í málaflokknum sem og eftirlit með svartri leigustarfsemi. *Endurflutt. September.*
- 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris og aldursviðbót).**
Með frumvarpinu er lögð til hækkun á frítekjumarki ellilífeyris þannig að frítekjumark ellilífeyris hækki í áföngum á næstu fjórum árum og verði 60.000 krónur á mánuði. Með frumvarpinu er einnig lögð til sú breyting að aldursviðbót falli ekki niður þegar örorkulífeyrisþegi nær ellilífeyrisaldri. Aldursviðbótin fylgi þeim sem eiga engin eða takmörkuð atvinnutengd réttindi til ellilífeyris. Jafnframt verða lagðar til nokkrar breytingar í tengslum við innleiðingu á nýju örorkulífeyriskerfi. *Október.*
- 6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (eingreiðsla).**
Með frumvarpi þessu er lagt til að einstaklingar sem fá greiddan örorku- eða endurhæfingarlífeyri fái tiltekna eingreiðslu í desember sem skuli ekki teljast til tekna greiðsluþega og teljast þannig skattfrjáls. Auk þess verði kveðið á um að eingreiðslan leiði ekki til skerðingar annarra greiðslna. Gert er ráð fyrir sambærilegri greiðslu til tekjulágra ellilífeyrisþega. *Október.*
- 7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (fyrirkomulag greiðslna).**
Með frumvarpi þessu er lagt til að breytingar á fjárhæðum greiðslna til foreldra í fæðingarorlofskerfinu skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof, miði ekki lengur við fæðingardag barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur heldur nái slíkar breytingar til allra foreldra sem eiga ónýttan rétt innan kerfisins er breytingarnar taka gildi. Gert er ráð fyrir að sambærilegar breytingar verði gerðar á lögum um sorgarleyfi. *Október.*
- 8. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.**
Með frumvarpinu er lagt til að sameina starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar þannig að úr verði öflug stofnun húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála. Breytingin er liður í að tryggja öflugri og skilvirkari stjórnsýslu skipulags-, mannvirkja- og húsnæðismála. *Október.*

9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (stytting bótatímabils o.fl.)

Gert er ráð fyrir að hámarkslengd þess tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði stytta. Jafnframt er gert ráð fyrir að lágmarksskilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta verði breytt. Þá er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar í því skyni að einfalda stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga sem og aðrar breytingar í ljósi reynslunnar við framkvæmd gildandi laga. **Nóvember.**

10. Frumvarp til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn.

Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn. Með frumvarpinu verður komið á lagaumgjörð þegar einstaklingar hafa verið dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta öryggisráðstöfunum. Markmið frumvarpsins er að skýra framkvæmd og ábyrgð þeirra opinberu aðila sem koma að málum og bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. **Nóvember.**

11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011 (heiti laganna, réttindagæslumenn, persónulegir talsmenn, málsmeðferð o.fl.).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Markmið breytinganna er meðal annars að skerpa á hlutverki réttindagæslumanna og sýslumanna. Þá er lagt til að úrskurðarnefnd velferðarmála taki við því hlutverki að fjalla um undanþágur frá banni við beitingu nauðungar og banni við fjarvöktun. **Nóvember.**

12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál og lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hlutdeildarlán og hlutdeildarlánasjóður).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi hlutdeildarlána til að húsnæðisstuðningskerfið stuðli enn frekar að auknu framboði íbúða með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði. Hlutdeildarlán verði fest í sessi sem varanlegt úrræði fyrir fyrstu kaupendur og framkvæmdin gerð skilvirkari. Einnig er lagt til að stofnaður verði sérstakur Hlutdeildarlánasjóður sem hafi það hlutverk að fjármagna hlutdeildarlán. **Nóvember.**

13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 (einföldun byggingarreglugerðar og endurskoðun byggingareftirlits).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar til að tryggja að lögin veiti heimild til að setja hnitmiðaða, árangurs- eða markmiðsdrifna byggingarreglugerð og innleiða áhættumiðað, gagnadrifið byggingareftirlit og tryggja betur neytendavernd vegna fasteignagalla. **Mars.**

14. Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (raflínuskipulag).

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á skipulagslögum með það að markmiði að styrkja enn frekar þá sérstöku málsmeðferð sem mælt er fyrir um í lögunum í tengslum við lagningu raflína í flutningskerfi raforku. **Mars.**

15. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016 (fyrirkomulag stofnframlaga).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi almennra íbúða til að húsnæðisstuðningskerfið stuðli enn frekar að auknu framboði leiguíbúða með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði. Jafnframt verði framkvæmd úthlutunar stofnframlaga endurskoðuð til að einfalda ferla og auka skilvirkni. **Mars.**

16. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029.

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda er lögð fram til fjögurra ára í senn á grundvelli 7. gr. laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, og nær gildandi áætlun til ársloka 2025. Verkefni áætlunarinnar miða almennt að því að ná fram markmiðum fyrrnefndra laga og stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. **Mars.**

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026.**
September.
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2026.**
Frumvarpið felur í sér breytingar sem lagðar eru til grundvallar fjárlagafrumvarpi ársins 2026 sem lagt er fram á sama tíma. Það er samið að höfðu samráði við önnur ráðuneyti. **September.**
- 3. Frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings 2024.**
Skv. 58. gr. laga um opinber fjármál á ráðherra að leggja fram frumvarp á Alþingi til staðfestingar ríkisreikningi. **September.**
- 4. Frumvarp til laga um kílómetragjald á ökutæki.**
Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp gjaldtaka í formi kílómetragjalds vegna notkunar ökutækja á vegakerfinu. Jafnframt er lagt til að almennt og sérstakt vörugjald af eldsneyti verði felld niður og lög um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, og lög um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, nr. 101/2023, verði felld brott. Þá er lögð til hækkun á kolefnisgjaldi í lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009. *Endurflutt.* **September.**
- 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (erlendar fjárfestingar í nýsköpun).**
Í frumvarpinu verður lögð til breyting á lögum um tekjuskatt með það að markmiði að einfalda regluverk þegar kemur að erlendri fjárfestingu í íslenskum félögum og þá einkum til að auðvelda fjármögnun í nýsköpun. *Endurflutt.* **September.**
- 6. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta, tolla og gjöld (aðgerðir gegn peningabætti, viðurlög o.fl.).**
Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á ákvæðum tollalaga, nr. 88/2005, og lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019, er varða skyldu til að tilkynna tolyfirvöldum um flutning á reiðufé og handhafabréfum, þ.m.t. ferðatékkum, til og frá landinu og beitingu viðurlaga þegar aðilar sinna ekki tilkynningarskyldunni. Einnig er um að ræða breytingar á heimildum tolyfirvalda til að leita í innrituðum farangri farþega og áhafnar að viðkomandi fjarstöddum og heimild tolyfirvalda til að beita lögaðila viðurlögum vegna brota á 172. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Þá er um að ræða breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, lögum um virðisaukaskatt og tollalögum í kjölfar álita umboðsmanns Alþingis til að tryggja málskotsrétt til yfirséttarnefndar þegar ríkisskattstjóri synjar beiðni um endurupptöku eða synjar um breytingu á fyrri ákvörðun sinni. Jafnframt er lagt til að ákvæði til bráðabirgða í lögum um tekjuskatt, um að styrkir Loftslag- og orkusjóðs til einstaklinga utan rekstrar til kaupa á hreinorkubifreiðum teljist ekki til skattskyldra tekna, verði framlengt til loka árs 2027. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, þess efnis að viðbótarhúsnæðisstuðningur til tekju- og eignaminni Grindvíkinga sem veittur er vegna leigu húsnæðis á tímabilinu 1. apríl 2025 til og með 30. nóvember 2025 á grundvelli laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, nr. 40/2024, teljist ekki til tekna við ákvörðun greiðslna samkvæmt fyrrnefndum lögum. *Endurflutt.* **September.**
- 7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (CRR III).**
Frumvarpið innleiðir reglugerð (ESB) 2024/1623, sem breytir reglugerð (ESB) nr. 575/2013, um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir. Breytingunum er að miklu leyti ætlað að gera eiginfjákröfur til lánastofnana áhættunámari til að endurspegla betur áhættu sem þær standa frammi fyrir án þess að auka verulega heildareiginfjákröfur til þeirra. Einnig er áformað að innleiða reglugerð (ESB) 2025/1215 sem lækkar kröfu um hlutfall stöðugar fjármögnunar lánastofnana vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf og gerð sem er enn á tillögustigi hjá Evrópusambandinu sem frestar tilteknum breytingum á kröfum um eigið fé til að bregðast við markaðsáhættu til janúar 2027. *Innleiðing. Endurflutt að hluta.* **September.**

8. Frumvarp til laga um verðbréfun (STS).

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2017/2402, um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun o.fl. Verðbréfun getur verið mikilvægt tæki fyrir fjármagns-, lausafjár- og áhættustýringu aðila á fjármálamarkaði, enda sé hún byggð á traustu skipulagi. Með frumvarpinu verður komið á styrkri lagaumgjörð er miðar að því að draga úr áhættunni sem felst í verðbréfun og tryggja aðgreiningu einfaldrar, gagnsærrar og staðlaðrar verðbréfunararfurðar frá flóknum, ógagnsæjum og áhættusamari afurðum. Með frumvarpinu verða jafnframt lagðar til breytingar á öðrum lögum sem varða verðbréfun og varfærniskröfur til aðila að slíkum viðskiptum, til samræmis við breytingar á gildandi EES-gerðum með reglugerð (ESB) 2017/2402 og tengdum gerðum, þar á meðal lögum um fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóði, váttryggingastarfsemi, lánshæfismatsfyrirtæki, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, peningamarkaðssjóði og afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Þá er gert ráð fyrir að kröfur reglugerðarinnar um áreiðanleikakönnun gildi um innlenda lífeyrissjóði sem fjárfesta í verðbréfaðri stöðu. Er það gert með hagsmuni sjóðfélaga í huga og lagt til að ákvæðum um þær kröfur sem ná til lífeyrissjóða verði komið fyrir í lögum um lífeyrissjóði. *Innleiðing. Endurflutt. September.*

9. Frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði (IORP II).

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun (ESB) 2016/2341, um starfstengda eftirlaunasjóði. Með frumvarpinu verður lagt til að felld verði úr gildi lög um starfstengda eftirlaunasjóði, nr. 78/2007, sem sett voru til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2003/41 um sama efni, og ný lög sett í þeirra stað. Um er að ræða endurútgáfu á eldri tilskipun um sama efni, það er tilskipun 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun. *Innleiðing. Endurflutt. September.*

10. Frumvarp til laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar (DORA).

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2022/2554 um stafrænt áfallapol fjármálageirans, og tengdri tilskipun (ESB) 2022/2556. Með því er ætlunin að setja samræmdar kröfur um viðbúnað og áhættustýringu á fjármálamarkaði, með áherslu á stærð, áhættusnið og starfsemi aðila, þar með talið aðkeypta tækniþjónustu og tilkynningar um alvarleg atvik. Lögð er áhersla á innbrotsprófanir til að auka áfallapol og miðlun upplýsinga um ógnir. Með DORA-reglugerðinni er sameiginlegu eftirliti evrópska fjármálaeftirlitskerfisins komið á gagnvart stærstu tækniþjónustuveitendum, sem útnefndir verða sem mikilvægir á sameiginlegum innri markaði fjármálaþjónustu. Með frumvarpinu verða lagðar til ýmsar breytingar á gildandi lögum á fjármálamarkaði, sem þegar víkja að einhverju marki að stafrænum viðnámsprótti. Þá er gert ráð fyrir að meginkröfur reglugerðarinnar gildi um innlenda lífeyrissjóði. Er það gert með hagsmuni sjóðfélaga í huga og lagt er til að ákvæðum um þær kröfur verði komið fyrir í lögum um lífeyrissjóði. *Innleiðing. Endurflutt. September.*

11. Frumvarp til laga um markaði fyrir sýndareignir (MiCA).

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2023/1114, um markaði fyrir sýndareignir. Í reglugerðinni er kveðið á um samevrópskar reglur um útgáfu, almennt útboð og leyfi til viðskipta með sýndareignir ásamt reglum til að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun og innherjaviðskipti með sýndareignir. *Innleiðing. Endurflutt. September.*

12. Frumvarp til laga um uppbótarskatt á skattstofna innan samstæðna sem sæta lægri skatti en lágmarksskatti.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu samræmdra reglna um 15% lágmarksskatt fjölþjóðlegra samstæðna með það að markmiði að draga úr skaðlegri skattasamkeppni á milli landa. Fyrirmynd reglnanna hefur verið samin á vettvangi OECD (Inclusive Framework), ásamt greinargerð og leiðbeiningum um framkvæmd reglnanna. *Október.*

13. Frumvarp til laga um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun (ESB) 2016/2102 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki. Tilskipunin mælir fyrir um samræmdar lágmarksreglur um

aðgengi að opinberum vefjum, einkum með tilliti til fatlaðs fólks. Gildissvið hennar er afmarkað við vefi og smáforrit opinberra aðila. Meginreglan er sú að ríkin tryggi að slíkir vefir og forrit séu aðgengileg með því að gera þau skynjanleg, skýr og skiljanleg, nothæf og trygg. Kröfurnar eru sambærilegar og leitast var við að uppfylla með aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi sem ríkisstjórn Íslands samþykkti í maí 2012. Samkvæmt tilskipuninni skulu stjórnvöld fylgjast með því að opinberir vefir uppfylli lágmarksaðgengiskröfur og tryggja borgurum rétt til að leita til úrlausnaraðila um hvort þær séu uppfylltar. *Innleiðing. Október.*

14. Frumvarp til fjárukalaga IV fyrir árið 2025.

Ef þess gerist þörf er skv. 26. gr. laga um opinber fjármál heimilt að leita aukinna fjárheimilda í frumvarpi til fjárukalaga til að bregðast við tímabundnum, ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum innan fjárlagaársins. **Október.**

15. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna launaviðmiðs tiltekinna starfa samkvæmt sérákvæðum í lögum (laun þjóðkjörinna fulltrúa og embættismanna).

Frumvarpinu er, í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 39/2023, ætlað að setja skýr, hlutlæg og afdráttarlaus viðmið launabreytinga fyrir tiltekin störf þjóðkjörinna fulltrúa og embættismanna. Með frumvarpinu verður eytt óvissu og ófyrirsjáanleika að því er varðar hvernig og við hvaða aðstæður breyting verður á launum samkvæmt því fyrirkomulagi sem sett var á fót með lögum nr. 79/2019, um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð, nr. 130/2016. Frumvarpið verður unnið af starfshópi forsætisráðherra með þátttöku fulltrúa tilnefndra af fjármála- og efnahagsráðherra, ASÍ, SA og sameiginlega af BSRB, BHM og KÍ. **Október.**

16. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, nr. 115/2022 (ELTIF).

Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð (ESB) 2023/606 sem breytir reglugerð (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði. Helstu breytingarnar varða kröfur í tengslum við fjárfestingarstefnur og rekstrarskilyrði evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og einnig varðandi hæfar fjárfestingareignir, um samsetningu eignasafna og lántökur. *Innleiðing. Október.*

17. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tollar, skilagjald o.fl.).

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld ásamt uppfærslum og breytingum á tilvísunum í skattalögum o.fl. Um er að ræða breytingar sem tengjast m.a. tollfrjálsri verslun og skilum á áfengis-, tóbaks-, nikótín- og skilagjaldi. Jafnframt eru lagðar til breytingar á barnabótum sem m.a. tengjast útgöngusamningi við Bretland. **Nóvember.**

18. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framkvæmd, umgjörð og skilyrði).

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Starfshópurinn vinnur að heildstæðri endurskoðun á lögunum, þ.e. að kortleggja og gera samanburð á sambærilegum stuðningskerfum erlendis, framkvæmd á Íslandi, alþjóðlegum straumum og stefnum, mati á árangri af stuðningnum, mælingum á efnahagslegum ávinningi, kortlagningu á stuðningskerfi og tillögum að breytingum. Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi að geyma a.m.k. fyrstu tillögur að breytingum frá starfshópnum, sem m.a. er ætlað að slá á útgjaldavöxt síðustu ára. **Nóvember.**

19. Frumvarp til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð (ESB) 2019/2033 og tilskipun (ESB) 2019/2034 sem fjalla um verðbréfafyrirtæki. Með gerðunum er regluverk Evrópusambandsins um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum í meginráttum skilið frá reglum um varfærniseftirlit með bönkum og öðrum lánastofnunum. Aðskilnaðinum er ætlað að gera regluverkinu kleift að taka betur mið af sérstöðu hvorrar tegundar fyrirtækja fyrir sig. *Innleiðing. Nóvember.*

20. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir og lögum um lánaðsýslu ríkisins (endurskoðun).

Með frumvarpinu er stefnt að því að endurskoða lagaákvæði um lánaumsýslu ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Undir lánaumsýslu falla m.a. tekin lán ríkissjóðs, endurlán, ábyrgðir, afleiður, áhættustýring og sjóðsstýring. Meginmarkmið frumvarpsins er að samræma löggjöfina gildandi lögum um opinber fjármál og stefnu í lánamálum. Frumvarpið hefur einnig ákveðna tengingu við frumvarp um fjárfestingar ríkisins. **Janúar.**

21. Frumvarp til laga um fjárfestingar ríkisins.

Heildarendurskoðun á núgildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001. Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja skýra og samræmda málsmeðferð við ólíkar tegundir fjárfestinga ríkisins og að ákvarðanir um fjárfestingar séu vandlega undirbúnar og standist viðmið um góða verkefnastjórnarsýslu. **Febrúar.**

22. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir o.fl.).

Frumvarpið felur í sér breytingar sem varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Efni þess er afrakstur samráðs hagaðila um málið. **Mars.**

23. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (uppgjörstímabil).

Frumvarpið felur í sér endurskoðun uppgjörstímabila og gjalddaga virðisaukaskatts og uppgjör virðisaukaskatts í tolli. Þá eru gjalddagar annarra aðflutningsgjalda samræmdir. Frumvarpið felur í sér bætt lausafjárstýringu ríkissjóðs til að draga úr vaxtakostnaði, einfaldari framkvæmd skattálagningar og dregur úr möguleikum á undanskotum auk þess að stuðla að því að stjórnvöld fái betri samtímagögn um veltu í hagkerfinu. **Mars.**

24. Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031.

Mars.

HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

1. Frumvarp til sóttvarnalaga.

Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar í kjölfar heildarendurskoðunar á sóttvarnalögum sem ráðist var í veturinn 2021–2023 með hliðsjón af fenginni reynslu af heimsfaraldri SARS-CoV-2-veirunnar. Breytingar frá gildandi lögum verða einkum stjórnsýslu sóttvarna, feril ákvarðana um opinberar sóttvarnaráðstafanir og aukna aðkomu Alþingis að þeim. *Endurflutt. September.*

2. Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um lækningatæki (EES-reglur).

Með frumvarpinu er lagt til að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/123 frá 25. janúar 2022 um að styrkja hlutverk Lyfjastofnunar Evrópu að því er varðar viðbúnað við krísu og krísustjórnun varðandi lyf og lækningatæki í samræmi við skuldbindingar Íslands skv. 7. gr. EES-samningsins. *Innleiðing. Endurflutt. September.*

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (ýmsar breytingar).

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um sjúkraskrár sem ætlað er að stuðla að hagræðingu og skilvirkni í heilbrigðisþjónustu. Lagt er til að heimilt verði að taka gjald fyrir vinnu við yfirferð og afritun sjúkraskrárgagna, að heilbrigðisstarfsmönnum verði heimill aðgangur að sjúkraskrá við stofnun miðlægra lyfjakorta og þá eru lagðar til tilteknar breytingar í því skyni að skýra hlutverk eftirlitsaðila með meðferð sjúkraskráa. *Endurflutt. September.*

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015 (sjúkrahjálp).

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um svonefnda sjúkrahjálp verði felld brott úr lögum um slysatryggingar almannatrygginga. Sjúkrahjálp felur í sér fullar greiðslur fyrir t.d. lyf, sjúkraþjálfun og hjálpertæki vegna slyss sem veldur óvinnufærni í a.m.k. 10 daga en lagt er til að um greiðslur vegna slíkrar aðstoðar fari samkvæmt almenntri greiðsluþátttöku sjúkratryggðra. *Október.*

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (ýmsar breytingar).

Frumvarpinu er ætlað að veita Sjúkratryggingum Íslands fullnægjandi heimildir til að sinna lögbundnum skyldum sínum sem kostnaðargreinanda heilbrigðisþjónustu og umsjónaraðila sjúkratrygginga. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar, svo sem að stytta biðtíma eftir sjúkratryggingu við flutning til landsins, takmarka greiðsluþátttöku vegna veikinda og slysa utan EES ásamt því að stjórn Sjúkratrygginga verði lögð niður. Þá eru lagðar til breytingar á gjaldtökuheimildum, svo sem vegna sjúkraþjálfunar, fjarheilbrigðisþjónustu og ófrjósemisaðgerða. *Nóvember.*

6. Frumvarp til laga um brottfall laga um Heyrnar- og talmeinastöð, nr. 42/2007.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 42/2007 verði felld brott, en frumvarpið er liður í því að færa þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar til heilsugæslu og sérhæfðrar þverfaglegar þjónustueiningar. Samhliða því verður stöðin lögð niður. *Nóvember.*

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörkun á beitingu nauðungar).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um réttindi sjúklinga sem fela meðal annars í sér meginreglu um bann við beitingu nauðungar en einnig undanþágur frá meginreglunni þegar brýna nauðsyn ber til að uppfylltum skilyrðum sem skilgreind eru í frumvarpinu. Enn fremur eru með frumvarpinu lagðar til skýrari málsmeðferðarreglur en nú gilda sem fylgja þarf við og í kjölfar slíkra inngripa, þ.m.t. skráningarskyldu tilvika, kæruheimildir og rétt til að bera slík mál undir dómstóla. *Nóvember.*

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (færni- og heilsumatsnefndir).

Með frumvarpinu er lagt til að landshlutabundnar færni- og heilsumatsnefndir í hverju heilbrigðisumdæmi verði lagðar niður og að skipuð verði ein færni- og heilsumatsnefnd á landsvísu. **Janúar.**

9. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (viðbrögð við lyfjaskorti).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lyfjalögum, nr. 100/2020, sem teljast nauðsynlegar miðað við þá reynslu sem komin er síðan lögin tóku gildi. Frumvarpið felur m.a. í sér heimildir fyrir Lyfjastofnun til að bregðast við lyfjaskorti og lágmarka áhrif hans á sjúklinga, breytingar á ákvæðum er varða undanþágulyf, ákvæði um lyfjafræðilega þjónustu í lyfjabúðum, ákvæði sem heimilar lyfjafræðingum að ávísa bóluefnum, viðurlagaákvæði og breytingar á framkvæmd ákvarðana um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum. Frumvarpið felur einnig í sér breytingar á lögum um dýralyf, nr. 14/2022, og lögum um lækningatæki, nr. 132/2020. **Janúar.**

10. Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, rafrettur og níkótínvörur.

Með frumvarpinu er lagt til að sameinaðir verði tveir lagabálkar í einn, þ.e. lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, og lög um níkótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018. Jafnframt verði gerðar breytingar sem lúta m.a. að eftirliti og um leið lagt til að sambærilegt gjald verði lagt á tóbaksvörur og tóbakslíkar vörur eins og níkótínþúða. **Febrúar.**

11. Tillaga til þingsályktunar um landsáætlun um sjaldgæfa sjúkdóma og einstaklingssniðna heilbrigðisþjónustu.

Með vísan til áherslna vinnuhóps sem lagðar voru fram í skýrslu um sjaldgæfa sjúkdóma og starfshóps um einstaklingssniðna heilbrigðisþjónustu verður lögð fram tillaga til þingsályktunar um landsáætlun um sjaldgæfa sjúkdóma og stefnu um einstaklingssniðna heilbrigðisþjónustu. Áætluninni er ætlað að vera leiðbeinandi um þjónustu til þeirra sem falla undir skilmerki um sjaldgæfa sjúkdóma og aðstandendur þeirra og innleiða stefnu um einstaklingssniðna heilbrigðisþjónustu. **Janúar.**

12. Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd heilbrigðisstefnu til fimm ára.

Árleg skýrsla. **Maí.**

13. Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára.

Árleg skýrsla. **Maí.**

INNVIÐARÁÐHERRA

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leigubifreiðaaakstur, nr. 120/2022 (öryggi og starfsumhverfi).

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði brott heimild rekstrarleyfishafa til að reka leigubifreiðastöð án starfsleyfis leigubifreiðastöðvar þar sem ein leigubifreið sem hann er skráður eigandi eða umráðamaður að hefur afgreiðslu. Þá eru lagðar til breytingar sem lúta að skyldum leigubifreiðastöðva varðandi upplýsingaöflun, varðveislu gagna og að tryggja sanngjarna og gagnsæja verðlagningu og farveg fyrir kvartanir neytenda yfir verði og gæðum þjónustu. **Endurflutt. September.**

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, nr. 30/2023 (stefnumörkun).

Endurskoða þarf löginn með hliðsjón af forsetaúrskurði um skiptingu stjórnmálefna. **Endurflutt. September.**

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir skipa, nr. 82/2022 (áhafnir björgunarskipa).

Með frumvarpinu er ætlunin að bregðast við vanda Slysavarnafélagsins Landsbjargar við mönnun nýrra björgunarskipa. Lagt er til að setja í lög heimild fyrir ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um menntun og þjálfun á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Slysavarnaskóla sjómanna til skipstjórnar og vélgæslu á björgunarskipum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. **September.**

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Fjarskiptastofu (gildissvið laga um fjarskipti og helgunarsvæði sæstrengja).

Með frumvarpinu er lagt til að gildissviðsákvæði laga um fjarskipti verði bætt vegna framtíðartækni sem koma skal, þá þarf að skerpa á helgunarsvæði sæstrengja í lögum og skýra orðalag í því samhengi. Þá er lagt til að bætt verði inn heimild í lög um Fjarskiptastofnun til að innheimta auðlindagjald fyrir úthlutun á tíðni 40,5-43,5 GHz fyrir jarðbundin fjarskiptakerfi sem veita þráðlausar breiðbands fjarskiptaþjónustur í Evrópusambandinu skv. framkvæmdarákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2024/1983. **Október.**

5. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (endurskoðun almennra reglna).

Í þingsályktun nr. 2/154 um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 er lagt til í aðgerð tvö í aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028, að ákveðnir kaflar sveitarstjórnarlaga verði endurskoðaðir til að fylgja eftir framþróun í starfsemi sveitarfélaga og til að tryggja að ákvæði laganna séu skýr og aðgengileg. Lagðar verða til breytingar á almennum reglum sem varða stjórnsýslu sveitarfélaga, íbúasamráð, samvinnu sveitarfélaga, fjármál og reikningsskil sveitarfélaga, starfshætti kjörinna fulltrúa, eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga, atvinnuþátttöku sveitarfélaga o.fl. **Október.**

6. Frumvarp til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga.

Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar frá fyrri lögum til að tryggja öryggi siglinga þar sem staðsetning mannvirkja á hafi, s.s. fiskeldiskvía, sæstrengja, neðansjávarleiðsla og annarra hafstöðva, hefur aukist til muna. Koma þarf í veg fyrir að þessi þróun dagi úr öryggi siglinga. Þær stofnanir sem bera ábyrgð á öryggi siglinga á hafinu umhverfis Ísland, Vegagerðin, Samgöngustofa og Landhelgisgæsla Íslands, hafa kallað eftir þessum breytingum og fært rök fyrir mikilvægi þeirra. Aðrar breytingar sem stefnt er að með frumvarpinu snúa m.a. að uppfærslu skilgreininga í samræmi við skilgreiningar Alþjóðastofnunar um leiðarmerki á sjó, ábyrgð og heimildir Vegagerðarinnar og Samgöngustofu varðandi leiðarmerki skýrð og heimild ráðherra til að setja reglugerðir tryggð, m.a. um umferð tiltekinna tegunda skipa á ákveðnum svæðum og notkun tiltekinna veiðarfæra og akkerislegu. Aðkoma Samgöngustofu og Vegagerðarinnar að gerð strandsvæðisskipulags vegna ábyrgðarhlutverks stofnananna varðandi öryggi siglinga er tryggð. **Október.**

7. Frumvarp til laga um breytingu á skipalögum, nr. 66/2021 (EES-reglur).

Með frumvarpinu er ætlunin að tryggja lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðar ESB nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda. *Innleiðing. Nóvember.*

8. Frumvarp til laga um innviðafélag.

Með frumvarpinu verður lagt til að stofnað verði sérstakt innviðafélag eða ríkisaðili sem sér um fjármögnun stærri samgönguframkvæmda, s.s. vegna jarðganga og sambærilegra flýtiframkvæmda. Lagt verður til að umgjörð um fjármögnun, framkvæmd og rekstur umferðarmannvirkja, sem myndu falla undir fyrirkomulag af þessu tagi, verði vel skilgreind með fjárhagslega sjálfbærni að leiðarljósi. **Febrúar.**

9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (fasteignamat orkumannvirkja).

Með frumvarpinu verða lagðar til viðeigandi breytingar á lögum með það að markmiði að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi vegna raforkuframleiðslu. Frumvarpið er m.a. lagt fram til að fylgja eftir 6. lið stefnuýfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að sjá til þess að stærri hluti tekna af orkumannvirkjum renni til nærsamfélags. **Febrúar.**

10. Frumvarp til laga um strandveiðar og byggðakvóta.

Frumvarp til nýrra laga um strandveiðar og byggðakvóta. Með lögnum verða teknar til endurskoðunar heimildir til úthlutunar strandveiðileyfa og skýrðar nánar heimildir til úthlutunar byggðatengdra veiðiheimilda. **Febrúar.**

11. Frumvarp til laga um Netöryggisstofnun Evrópu og netöryggisvottunarkerfi upplýsinga- og samskiptatækja.

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/881 um Netöryggisstofnun Evrópu (ENISA) og netöryggisvottunarkerfi upplýsinga- og samskiptatækja og niðurfellingu á reglugerð (ESB) 526/2013, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. *Innleiðing. Febrúar.*

12. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur).

Frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum vegna endurskoðunar heimilda hafna til gjaldtöku og innleiðingar reglugerðar (ESB) 2023/1805 (FuelEU). Lagt er til að bætt verði við heimild fyrir aðgangsbanni skipa að höfnum hér á landi vegna vanefnda við kröfur reglugerðarinnar. Væntanlega lagt fram samhliða frumvarpi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til breytinga á lögum til að uppfylla kröfur sömu reglugerðar. *Innleiðing. Mars.*

13. Tillaga til þingsályktunar um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040.

Borgarstefna er mótuð á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022–2036. Borgarstefna hefur það að markmiði að stærstu þéttbýlissvæðin verði eflað og samkeppnishæfni þeirra og hlutverk í byggðaðróun landsins styrkt. Með borgarstefnu er hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar skilgreint og stuðlað að aukinni alþjóðlegri samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Þá er skilgreint hlutverk Akureyrar og uppbygging hennar sem svæðisborgar sem geti boðið upp á aukna fjölbreytni í þjónustu, menningu og atvinnutækifærum. *Endurflutt. September.*

14. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2026–2040.

Tillaga til þingsályktunar um samgöngustefnu til fimmtán ára ásamt fimm ára aðgerðaáætlun. Samgönguáætlun mun m.a. byggja á þeirri stefnumótunarvinnu sem unnin hefur verið undanfarin ár ásamt niðurstöðum samráðs við hagskipa. Í áætluninni birtist forgangsöröðun framkvæmda, áherslur, aðgerðir, markmið og mælikvarðar fyrir allar greinar samgangna. **Nóvember.**

MENNINGAR-, NÝSKÖPUNAR- OG HÁSKÓLARÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla).**
Með frumvarpinu er mælt fyrir um stuðning til einkarekinna fjölmiðla út árið 2025 samkvæmt sambærilegu fyrirkomulagi og verið hefur undanfarin ár, sbr. X. kafla B fjölmiðlalaga, nr. 38/2011, sem féll úr gildi 1. janúar 2025. Með frumvarpinu er jafnframt stigið fyrsta skrefið að endurskoðun fyrirkomulags stuðningsins þar sem þak hans er lækkað. *Endurflutt. September.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (endurskoðun).**
Með frumvarpinu eru lagðar til frekari breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna í framhaldi af frumvarpi sem var samþykkt á 154. löggjafarþingi. Breytingarnar byggjast á skýrslu um mat á endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna sem lögð var fram á Alþingi í desember 2023 og frekari greiningum í samráði við hagsmunaaðila. *Endurflutt. September.*
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010 (meðalhöfsprófun, EES-reglur).**
Með frumvarpinu er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/958 um meðalhöfsprófun lögverndaðra starfsgreina innleidd. Frumvarpið kveður á um að framkvæma skuli meðalhöfsprófun áður en samþykkt er ný lögverndun starfsgreina og þegar skilyrði fyrir lögverndun eru endurskoðuð. *Innleiðing. Endurflutt. September.*
- 4. Frumvarp til laga um menningarframlag streymisveitna til eflingar íslenskri menningu og tungu.**
Frumvarpið felur í sér að sett verði ný heildarlög sem miða að því að innlendum og erlendum streymisveitum, með staðfestu innan EES og starfsemi á íslenskum fjölmiðlamarkaði, verði gert að greiða tiltekið hlutfall af heildartekjum af starfsemi þeirra á Íslandi, svokallað menningarframlag. Menningarframlag verði í formi skatts af heildartekjum streymisveitna af sölu áskrifta á Íslandi að frádregnum kostnaði við beina fjárfestingu í framleiðslu á innlendu efni. Tilgangurinn er að auka fjárfestingu í innlendra sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu og jafna samkeppnisumhverfi innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum. **Október.**
- 5. Frumvarp til laga um stofnun gervigreindarmiðstöðvar.**
Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar miðlæg miðstöð gervigreindar og máltækni sem muni stuðla að ábyrgri innleiðingu gervigreindar, tryggja samhæfingu verkefna og stuðla að aukinni þekkingu og færni á vinnumarkaði. **Október.**
- 6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, kvikmyndalögum og bókasafnalögum (Kvikmyndasafn og Hljóðbókasafn).**
Með frumvarpinu er ætlunin að sameina Kvikmyndasafn Íslands og Hljóðbókasafn Íslands við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Markmið með sameiningunni er að styrkja faglegt starf safnanna, rannsóknir og miðlun og auka þjónustu við notendur með stærri og öflugri stofnun. **Október.**
- 7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (framlenging, viðbrögð við úttekt ESA o.fl.).**
Með frumvarpinu verður lagt til að framlengja endurgreiðslukerfið tímabundið um þrjú ár. Í frumvarpinu verður lögð áhersla á framleiðslu barnaefnis, sem sökum eðlis framleiðslu og dreifingar á undir högg að sækja. Lagt er til að setja skýrari mörk um hvenær hægt sé að sækja um vilyrði og útborgun til að auka fyrirsjáanleika í fjármögnun kerfisins. Í frumvarpinu verður skilgreindur með skýrari hætti heildarframleiðslukostnaður og framleiðslukostnaður m.t.t. kostnaðar sem fellur til innan EES. Að auki verður frumvarpinu ætlað að bregðast við athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sem fram komu við nýafstaðna úttekt á kerfinu um að nefnd um endurgreiðslur skuli gæta þess að umsóknir uppfylli skilyrði ákvæða 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 um almenna

hópundanþágu frá tilkynningarskyldu, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og að nefndin teljist vera „veitingarvald“ í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 um almenna hópundanþágu frá tilkynningarskyldu. **Október.**

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, o.fl. (sameining samkeppnissjóða).

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið hefur unnið að kortlagningu á umhverfi sjóða á vegum ráðuneytisins síðustu misseri. Hægt er að auka árangur og skilvirkni opinberra samkeppnissjóða á Íslandi með því, til að mynda, að fækka og sameina samkeppnissjóði hins opinbera og samræma betur stjórnskipan og umsýslu sjóðanna. Átta samkeppnissjóðir eru starfræktir á vegum ráðuneytisins. Með frumvarpi þessu er stefnt að fjórum megin sjóðum; rannsóknasjóður, innviðasjóður, nýsköpunarsjóður og áherslusjóður. Þá er stefnt að því að skerpa á hlutverki Rannís sem víðtækrar umsýslu- og þjónustustofnunar opinberra samkeppnissjóða. **Nóvember.**

9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða og skólagjöld nemenda utan EES-svæðis).

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Í fyrsta lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á II. kafla laganna um stjórnsýslu og stjórnskipulag opinberra háskóla til samræmis við þau áform að Háskólinn á Hólum og Háskóli Íslands starfi saman undir merkjum háskólasamstæðu sem lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Í öðru lagi er lagt til að opinberum háskólum og einkareknum háskólum sem fá óskert fjárframlag skv. 3. mgr. 3. gr. reglna um fjárframlög til háskóla, nr. 755/2024 verði veitt heimild til innheimtu skólagjalda af nemendum sem ekki fylgir framlag samkvæmt reglum um fjárframlög til háskóla, nr. 755/2024. Breytingunni er ætlað að fylgja eftir fyrirhuguðum breytingum á fyrrnefndum reglum um að fjármagn fylgi aðeins nemendum með ríkisfang frá landi innan EES-svæðisins eða einstökum námsleiðum samkvæmt ákvörðun ráðherra. **Nóvember.**

10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (endurskoðaður stuðningur við einkarekna fjölmiðla).

Með frumvarpinu er lagt til að stuðningur til einkarekinna fjölmiðla verði festur í sessi með því að taka aftur upp í fjölmiðlalög, nr. 38/2011, ákvæði er mæla fyrir um stuðninginn auk þess sem gerðar verði viðeigandi breytingar með hliðsjón af vinnu við endurskoðun stuðningsins. **Janúar.**

11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013 (viðskiptaboð).

Með breytingum á 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013, verði heimildir Ríkisútvarpsins til birtinga á auglýsingum takmarkaðar. **Janúar.**

12. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 (EES-reglur, tilskipun um höfundarrétt á stafrænum markaði og tilskipun um netútsendingar og endurvarp).

Um er að ræða innleiðingu á tilskipun (ESB) 2019/790 Evrópuþingsins og ráðsins frá 17. apríl 2019 um höfundarrétt og skyld réttindi á stafrænum innri markaði („DSM tilskipunin“ - Directive on copyright and related rights in the Digital Single Market) og tilskipun (ESB) 2019/789 um höfundarrétt og skyld réttindi sem tengist ákveðnum netútsendingum og endurútsendingum sjónvarps- og útvarpsdagskráa („netútsendingartilskipunin“). Tilskipanirnar verða innleiddar með breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972. Tilskipanirnar voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 8. desember 2023. Sú ákvörðun hefur þó ekki tekið gildi þar sem Ísland hefur ekki aflétt stjórnskipulegum fyrirvara en ríki hafa almennt sex mánuði til þess frá upptöku gerða í EES-samninginn. **Innleiðing. Mars.**

13. Skýrsla Vísinda- og nýsköpunarráðs um stöðu vísinda og nýsköpunar hér á landi í alþjóðlegu tilliti, stefnumótun stjórnvalda og helstu samfélagslegu áskoranir.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, nr. 137/2022, skal ráðið árlega skila skýrslu til ráðherra sem fer með málefni vísinda og nýsköpunar sem skal leggja skýrsluna fyrir Alþingi. **September.**

14. Skýrsla menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra um Tæknisetur og stöðu nýsköpunarstuðnings eftir niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Í ákvæði til bráðabirgða VI. við lög um opinberan stuðning við nýsköpun, nr. 25/2021, kemur fram að ráðherra skuli gefa Alþingi skýrslu um stöðu nýsköpunarstuðnings eftir niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, þróun nýsköpunarmála á landsbyggðinni, árangur sem og ásókn í hvatastyrki til nýsköpunar sem ráðuneytið úthlutar og starfsemi Tækniseturs eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku laganna. **September.**

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (staðfestingar námsbrauta o.fl.).**
Með frumvarpinu verða ýmis ákvæði laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, tekin til endurskoðunar. Lagt er til að gera breytingar á reglum um staðfestingar námsbrauta, aðlaga ákvæði laganna að breytingum á fyrirkomulagi vinnustaðanáms o.fl. *Endurflutt. September.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (gagnagrunnur nemendaupplýsinga).**
Frumvarpinu er ætlað að aðlaga lagaumhverfi að uppbyggingu gagnagrunns sem heldur miðlægt utan um skráningu upplýsinga um nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. **Október.**
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (snjalltæki).**
Markmið frumvarpsins er að styrkja heimildir mennta- og barnamálaráðherra til að samræma reglur um notkun snjalltækja í grunnskólum. **Október.**
- 4. Frumvarp til laga um barnavernd.**
Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um barnavernd. Breytingar frá eldri barnaverndarlögum felast meðal annars í nýjum ákvæðum um meðferð barnaverndarmála, þvingunarráðstafanir í úrræðum barnaverndaryfirvalda og fylgdarlaus börn. Þá felur frumvarpið í sér endurskoðun reglna um stuðningsúrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra á vegum barnaverndar- og félagsþjónustu. Með frumvarpinu eru jafnframt boðaðar nauðsynlegar lagabreytingar vegna þjónustu við börn með flóknar og fjölþættar stuðningsþarfir. **Nóvember.**
- 5. Frumvarp til laga um námsgögn.**
Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um námsgögn sem ætlunin er að komi í stað gildandi laga um námsgögn, nr. 71/2007. Markmið frumvarpsins er að tryggja gæði, framboð og fjölbreytileika námsgagna til að styðja við nám og kennslu í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum. Það felur meðal annars í sér að námsgögn í leik-, grunn- og framhaldsskólum verði í áföngum gerð gjaldfrjáls vegna náms barna að 18 ára aldri. *Endurflutt. Mars.*
- 6. Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna.**
Samkvæmt 3. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar laga, nr. 86/2021, skal mennta- og barnamálaráðherra leggja fram, sem tillögu til þingsályktunar, stefnu og framkvæmdaáætlun um verkefni ríkisins sem varða farsæld barna til fjögurra ára. **Nóvember.**
- 7. Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun gegn fátækt barna.**
Í samstarfi viðeigandi ráðuneyta leggi mennta- og barnamálaráðherra fram sem tillögu til þingsályktunar, stefnu og framkvæmdaáætlun, til að uppræta vítahring fátæktar og tryggja börnum hér á landi jöfn tækifæri óháð efnahag og félagslegri stöðu. **Mars.**

UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (viðskiptakerfi með raforku).**
Með frumvarpinu eru gerðar tillögur að breytingum á raforkulögum í tengslum við rekstur skipulegs viðskiptakerfis fyrir raforku. Tilgangur þess er að mæla fyrir um tilteknar háttarnisreglur í raforkuviðskiptum og eftirlit með rekstri skipulegs viðskiptavettvangs með raforku til að stuðla að gagnsæi og heiðarleika á raforkumarkaði raforku. Kveðið er á um bann við markaðssvikum og ólögmaetum innherjaviðskiptum. Einnig er fjallað um opinbera birtingu innherjaupplýsinga, skráningu markaðsaðila og tilkynningarskyld viðskipti. *Endurflutt með breytingum. September.*
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-reglur, móttaka úrgangs í höfnum).**
Með frumvarpinu er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttöku úrgangs frá skipum, sem breytir tilskipun (ESB) 2010/65 og fellir úr gildi tilskipun (ESB) 2000/59. Tilskipunin kemur í stað eldri tilskipunar um sama efni sem hefur verið innleidd hér á landi. Gera þarf nokkrar breytingar á lögnum vegna innleiðingar á tilskipuninni. *Innleiðing. Endurflutt. September.*
- 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (stefna um öflun raforku og aukin skilvirkni rammaáætlunar).**
Markmið frumvarpsins er að einfalda regluverk, auka skilvirkni og skýra betur ferli rammaáætlunar (verndar- og orkunýtingaráætlunar). Er m.a. byggt á tillögum starfshóps frá nóvember 2024 um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Þá er lagt til að bundið sé í lög að ráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun stjórnvalda um öflun raforku til næstu tíu ára og að hún sé höfð til hliðsjónar við flokkun virkjunarkosta í rammaáætlun. *Endurflutt með breytingum. Október.*
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem varða málsmeðferð og leyfisveitingar Umhverfis- og orkustofnunar. Markmiðið er að einfalda, stytta og samræma málsmeðferð stofnunarinnar og innleiða hugmyndafræði um einn viðkomustað (e. one-stop shop). Frumvarpinu er einnig ætlað að kveða á um samræmingu málsmeðferðarreglna í lögum, valdheimilda og annarra reglna vegna nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar sem tók til starfa 1. janúar 2025. *Endurflutt með breytingum. Október.*
- 5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (takmörkun vindorkunýtingar o.fl.).**
Í frumvarpinu er markaður rammi um hagnýtingu vindorku til raforkuframleiðslu innan verndar- og orkunýtingaráætlunar auk breytinga til innleiðingar stefnu stjórnvalda um raforkuöflun. Þá eru lagðar til frekari breytingar á lögnum til að tryggja betri virkni áætlunarinnar og samspil löggjafar um verndar- og orkunýtingaráætlun við náttúruverndarlög. *Október.*
- 6. Frumvarp til laga um loftslagsmál.**
Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, þ.m.t. stjórnsýslu loftslagsmála. *Október.*
- 7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 (viðaukar o.fl.).**
Markmið frumvarpsins er að gera nauðsynlegar uppfærslur á viðaukum við lögin sem lúta að úrvinnslugjaldi, m.a. til að tryggja samræmi við gildandi tollskrá og til að ná betur utan um flutningsumbúðir í þeim tilvikum þegar vörur eru ekki seldar í sérstökum flutningsumbúðum. *Október.*

8. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, nr. 96/2023 (ETS).**
Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, nr. 96/2023, til þess að tryggja rétta innleiðingu á m.a. tilskipun (ESB) 2023/959. *Innleiðing. Endurflutt með breytingum. Október.*
9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004 (jöfnunargjald).**
Með frumvarpinu er mælt fyrir um ýmsar breytingar sem miða að því að jafna til fulls dreifikostnað raforku um allt land og draga úr kostnaði ríkisins vegna jöfnunar. Jöfnunargjald er hækkað og lagt að hluta á stórnótendur raforku. **Nóvember.**
10. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli (eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum).**
Markmið frumvarpsins er að fylgja eftir tillögum stýrihóps sem skilaði niðurstöðum í maí 2025. Hlutverk stýrihópsins var að koma með tillögu að nýju fyrirkomulagi eftirlits á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli. **Nóvember.**
11. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 (nýting eigna á hættusvæðum o.fl.).**
Með frumvarpinu verður mælt fyrir um nauðsynlegar breytingar á lögunum til að skýra og styrkja framkvæmd þeirra í ljósi reynslunnar, styrkja umgjörð ofanflóðavarna og sporna gegn dvöl fólks utan leyfilegs nýtingartíma í húseignum á hættusvæðum. **Nóvember.**
12. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013 (EES-reglur, orkuskipti, sjálfbært flugeldsneyti).**
Með frumvarpinu verður innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2405 frá 18. október 2023 um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti. *Innleiðing. Nóvember.*
13. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og lögum um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (landtaka skemmtiferðaskipa, gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar og bætt skilvirkni).**
Með frumvarpinu er lagt til að takmarka með almennum hætti alla landtöku skemmtiferðaskipa á friðlýstum svæðum í umsjón ríkisins nema slíkt sé sérstaklega heimilað. Einnig er mælt fyrir um nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að samræma þau ákvæði sem gilda um gjaldtöku, málsmeðferð, þvingunarúrræði, kæruleiðir og eftirlit í tilefni af stofnun Náttúruverndarstofnunar. Auk þess eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi landsáætlunar til einföldunar. *Endurflutt að hluta. Febrúar.*
14. **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (verkefni Raforkueftirlitsins, EES-reglur).**
Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar vegna ábendinga frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í tengslum við verkefni Raforkueftirlits Umhverfis- og orkustofnunar. Um er að ræða ábendingar ESA vegna sérstakra verkefna Raforkueftirlitsins eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku. *Innleiðing. Mars.*
15. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011 (skilvirkari stjórnsýsla, málsmeðferðarreglur).**
Með frumvarpinu verður mælt fyrir um breytingar á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, til að skýra ákvæði laganna m.a. með málsmeðferðarreglum um heimild til breytinga á vatnshloti, m.a. með það að markmiði að auka skilvirkni stjórnsýslu vatnamála. **Mars.**

- 16. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna innleiðingar EES-gerða um aukna notkun endurnýjanlegs eldsneytis (EES-reglur, orkuskipti, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum).** Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1805 um notkun endurnýjanlegs og kolefnislágs eldsneytis í sjóflutningum – (FUEL EU). Með frumvarpinu verður einnig mælt fyrir breytingum til innleiðingar á tilskipun ESB 2018/2001 um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (RED II). Auk þess eru lagðar til breytingar á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013, og gildissvið víkkað þannig að lögin nái til hafsækinnar starfsemi í þeim tilgangi að tryggja innleiðingu tiltekinnar aðgerðar í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. *Innleiðing að hluta. Mars.*
- 17. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.** Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skal samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, gefa út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti og birta með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Áður en náttúruminjaskrá er gefin út skal ráðherra leggja fram þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Á framkvæmdaáætlun eru skráðar þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun næstu fimm árin. *Endurflutt. September.*
- 18. Tillaga til þingsályktunar um breytingu á verndar- og orkunýtingaráætlun (endurmats-kostir).** Tillagan er lögð fram í samræmi við 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Um er að ræða virkjunarkosti sem Alþingi óskaði eftir endurmati á í júní 2022. *Endurflutt með breytingum. Nóvember.*
- 19. Tillaga til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun (nýir kostir).** Tillagan er lögð fram í samræmi við 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Lagt fram af settum ráðherra. *Nóvember.*
- 20. Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.** Í 39. gr. a raforkulaga, nr. 65/2003, segir að ráðherra skuli á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Með þessum hætti getur Alþingi lagt fram ákveðnar meginreglur og viðmið sem taka ber mið af við gerð kerfisáætlunar á hverjum tíma skv. raforkulögum. Kerfisáætlunin er annars vegar langtímaáætlun til tíu ára og hins vegar framkvæmdaáætlun til þriggja ára. Í tillögu að uppfærðri þingsályktun verður tekið mið af stöðu verkefna sem tilgreind eru í nágildandi þingsályktun sem og orkustefnu. *Mars.*

UTANRÍKISRÁÐHERRA

- 1. Frumvarp til laga um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins utan lögsögu ríkja.**
Með frumvarpinu er ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar til þess að Ísland geti fullgilt nýjan samning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni utan lögsögu ríkja. **September.**
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (bókun 35).**
Með frumvarpinu er ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar til þess að bæta innleiðingu bókunar 35 við EES-samninginn og tryggja fulla virkni hans hér á landi í þágu einstaklinga og lögaðila. **Endurflutt. September.**
- 3. Frumvarp til laga um vegabréfsáritanir.**
Með frumvarpinu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu við útgáfu vegabréfsáritana til að auka hagkvæmni og afkastagetu á því sviði svo íslensk stjórnvöld geti sjálf annast afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir í auknum mæli. **Endurflutt. September.**
- 4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979 (mörk landgrunns).**
Með frumvarpinu er ætlunin að uppfæra hnit vegna afmörkunar landgrunns Íslands í samræmi við niðurstöðu landsgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um Ægisdjúp og Reykjaneshrygg. **Október.**
- 5. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu uppfærðs fríverslunarsamnings milli EFTA-rikkjanna og Úkraínu, fríverslunarsamnings milli EFTA-rikkjanna og Malasíu og fríverslunarsamnings milli EFTA-rikkjanna og Kósóvó.**
Fullgilding þjóðréttarsamnings. **September.**
- 6. Tillaga til þingsályktunar um varnar- og öryggisstefnu.**
Stefnunni er ætlað að lýsa helstu öryggisáskorunum, draga fram markmið Íslands í alþjóðlegu öryggis- og varnarsamstarfi, fjalla um nauðsynlegan varnarviðbúnað og getu, ásamt tillögum að umbótum á laga- og stofnanaumgjörð varnarmála. **September.**
- 7. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun.**
Fullgilding þjóðréttarsamnings. **Október.**
- 8. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2024, nr. 70/2025 og nr. 118/2025.**
Ákvörðun nr. 71/2024: Reglugerð (ESB) 2019/1238 um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Ákvörðun nr. 70/2025: Reglugerð (ESB) 2019/2033 og tilskipun (ESB) 2019/2034 sem varða starfsemi verðbréfafyrirtækja. Ákvörðun nr. 118/2025: Reglugerð (ESB) 2023/606 sem breytir reglugerð (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði. Aflétting stjórnskipulegs fyrirvara. **Október.**
- 9. Skýrsla utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins.**
Árleg skýrsla til Alþingis skv. 9. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála. **Október.**
- 10. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.**
Árleg skýrsla til Alþingis. **Febrúar.**
- 11. Skýrsla utanríkisráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.**
Gerð verður grein fyrir framkvæmd stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024–2028, þar á meðal aðgerðaáætlun 2024–2025 ásamt framlagningu aðgerðaáætlunar 2026–2028. **Apríl.**